



Fundargerð

Föstudaginn 27. maí 2011 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 15.00 á skrifstofu félags- og skólaþjónustu á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Zophonías Ari Lárusson, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2010

Fyrir fundinum lá ársreikningur Félags og skólaþjónustunnar 2010. Rekstrartekjur samstæðunnar voru 154,3 m. kr. og rekstrargjöld 165,2 milljónir. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði var neikvæð um 10,9 m. kr. en rekstrarniðurstaða eftir afskriftir og fjármagnsliði var neikvæð um 12,2 m. kr. Eigið fé nam 90,4 m. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi var handbært fé frá rekstri neikvætt um 2,6 m. kr. en í áætlun var gert ráð fyrir að handbært fé yrði neikvætt um 3,7 m. kr. Fjárfestingahreyfingar samstæðu námu 13,9 m. kr. og handbært fé lækkaði um 20 m. kr. Handbært fé í árslok var 20,5 m. kr.

Ársreikningurinn var samþykktur og áritaður af stjórnarmönnum.

2. Rekstur félagsþjónustu/þróun félagslegrar aðstoðar á árinu.

Auður félagsmálastjóri fór yfir stöðu og horfur í rekstri félagsþjónustunnar og þróun félagslegrar aðstoðar. Fram kom að fjárhagsaðstoð hefur verið að aukast verulega á undanförunum mánuðum og stefnir í að fara 2- 3 milljónir fram úr áætlun ársins. Meginástæður þessa virðist vera aukið langvarandi atvinnuleysi og skerðingar á bótarétti atvinnuleysisbóta.

Málið var til kynningar.

3. Samningur við Húnaþing vestra um þjónustu fræðslustjóra

Magnús B. gerði grein fyrir að ekki hafi verið gengið frá samningi við Húnaþing vestra vegna þjónustu fræðslustjóra. Áætlun um kostnaðarþátttöku hafi verið send en ekki verið formleg viðbrögð við henni. Ákveðið að leita eftir fundi um málið fyrir næsta skólaár.

4. Starfsmannahald

Auður greindi frá því að Guðrún Þorvaldsdóttir hafi sagt upp störfum og starfslok hennar verði .1. ágúst n.k.

Stjórnin ræddi málið og ákvað að auglýsa starf félagsráðgjafa.



5. Sis –mat á þjónustupörf fatlaðra (support intensity scale)

Félagsmálastjóri gerði grein fyrir matsaðferðinni og lagði fram skýringar um það. Matskerfið var sínum tíma tekið upp af ráðuneyti til að samræma kostnaðarmat á þjónustu við fatlaða. Mat samkvæmt kerfinu hefur farið fram á sambýli og virðist ekki ná verulega vel utan um þjónustupörf íbúanna. Félagsmálastjóri taldi ósamræmi á milli starfsmats fyrir þá sem vinna á sambýlinu og þess þjónustuþunga sem þar er. Unnið er að því að yfirfara matsgögn og knýja á um leiðréttingar. Matið gæti að óbreyttu leitt til lægri framlaga til sambýlisins. Málið var til kynningar.

6. Húsnæði sambýlis sbr. bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Fyrir fundinum lá bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 10. maí sl. þar sem óskað er eftir afstöðu til hvort Félags og skólaþjónusta A-Hún hyggist nýta Skúlabraut 22 fyrir sambýli fatlaðra á árinu 2012. Í bréfinu kemur einnig fram að hlutverk Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs verður m.a. að selja eða leigja eignir sem ríkið átti og voru notaðar vegna málefna fatlaðra við yfirtöku sveitarfélaga á málaflokknum. Stjórnin ræddi málið og fól Magnúsi B. að svara jöfnunarsjóði um að Félags og skólaþjónusta A-Hún hyggist nota Skúlabraut 22 áfram fyrir sambýli fyrir fatlaða.

7. Sæborg

a. Vistmannafjöldi / rekstur

Fyrir fundinum lá samantekt um vistmannafjölda á dvalar og hjúkrunarheimilinu Sæborg. Þar kemur fram að fimm vistmenn eru nú í hjúkrunarrýmum sem eru fullnýtt. Greiðslur fyrir hvert hjúkrunarrými er 552.720 kr./mánuði. Eftir 15. maí eru þrír vistmenn í dvalarrýmum en heimild er fyrir 5 rýmum. Fyrir hvert rými er greiddar 269.948 kr./mán. Stjórn ræddi stöðuna og komu fram áhyggjur af rekstrarforsendum þar sem ekki eru umsóknir um dvalarrými.

b. Samningur um lækniþjónustu

Fyrir fundinum lá samningur milli HSB og Sæborgar um lækniþjónustu. Formaður greindi frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri hafi átt með Valbirni framkvæmdastjóra HSB og Sigurjóni lækni um samninginn þar sem hann var undirritaður. Stjórnin gerði ekki athugasemdir við samninginn.

8. Hnitbjörg

a. Endurbætur á íbúðum

Fyrir fundinum lá samantekt um kostnað við endurbætur á íbúðum en þremur íbúðum hefur verið skilað úr leigu síðan frá áramótum. Allar hafa þurft einhverra endurbóta við og verið lagfærðar og málaðar. Rætt var um endurbætur og viðhald íbúða en ekki gerðar sérstakar bókanir um málið.



b. Útleiga íbúða

Félagsmálastjóri greindi frá stöðu á leigu íbúða í Hnitbjörgum. Nokkrar breytingar hafa orðið á leigjendum að undanförunu og nú sé ein íbúð leigð undir starfsmann HSB til hausts en ein íbúð standi auð. Umsókn liggir fyrir um eina íbúð en hún taki ekki gildi fyrr en í haust.

9. Önnur mál

Félagsmálastjóri lagði fram til kynningar verklagsreglur um ráðningu starfsfólks. Reglurnar sem hafa verið unnar af starfsmönnum SSVN voru til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við þær.

Félagsmálastjóri tók til umræðu búsetuúrræði fyrir fatlaðan einstakling. Samþykkt að félagmálastjóri ræði við lögheimilissveitafélag viðkomandi um lausnir.

Formaður stjórnar afhenti mynd af Húnvöllum sem gjöf til skrifstofunnar frá Húnavatnshreppi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 17.55

Magnús Sigurðsson,

Zophonías Ari Lárusson,

Vignir Sveinsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson

Auður H. Sigurðardóttir